



**Stofnanasamningur**  
**Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á**  
**Sauðárkróki**

Samstarfsnefnd Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki

30. október 2012

1. Inngangur .....	1
2. Gildissvið .....	1
3. Markmið.....	1
4. Röðun starfa í launaflokka .....	2
4.1 Röðun kennara í launaflokka .....	2
4.1.1 Áhrif menntunar á röðun í launaflokka.....	2
4.1.2 Áhrif starfsreynslu á röðun í launaflokka .....	2
4.2 Röðun stjórnenda í launaflokka .....	3
4.2.1 Námsráðgjafi.....	3
4.2.2 Áfangastjóri.....	3
4.2.3 Aðstoðarskólameistari.....	3
4.2.4 Viðbótarröðun áfangastjóra og aðstoðarskólameistara.....	3
4.2.4.1 Viðbótarröðun vegna starfshlutfalls.....	3
4.2.4.2 Viðbótarröðun vegna menntunar .....	4
4.2.4.3 Viðbótarröðun vegna tímabundins álags í starfi (viðbótarverkefni).....	4
5. Álag vegna persónu- og tímabundinna þátta kennara.....	4
5.1 Sérverkefni.....	4
5.1.1 Deildarstjórar .....	4
5.1.2 Önnur verkefnisstjórn .....	4
5.1.3 Dreifnám .....	4
5.1.4 Tímabundin verkefni.....	5
5.2 Viðbótarmenntun umfram tilskilda menntun.....	5
5.3 Endurmenntun.....	5
5.4 Frumkvæði og/eða forusta í skipulags,- uppbyggingar- þróunar- og nýbreytnistörfum .....	5
5.5 Námsgagnagerð.....	6
5.6 Þátttaka í starfi FNV utan kennslu .....	6
5.7 Viðbótarábyrgð /-álag .....	6
5.8 Útgefið efni .....	6
6. Hlutverk samstarfsnefndar .....	7
7. Meðferð ágreiningsmála .....	7
8. Gildistími og endurskoðun.....	7
9. Undirritun.....	7
10. Bókanir.....	8

## **1. Inngangur**

Stofnanasamningur þessi er hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að tryggja þróun og stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunar og starfsmanna hennar. Hann er sérstakur samningur milli stofnunar og viðkomandi stéttarfélaganna um útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu. Viðræður um stofnanasamning fara fram undir friðarskyldu.

Stofnanasamningur þessi snýst ekki aðeins um ákvörðun launa heldur er hann ekki síður tæki til að stuðla að jákvæðri þróun og breytingum í starfi stofnunar. Hann er sameiginlegt verkefni stjórnenda og starfsmanna stofnana.

## **2. Gildissvið**

Samningur þessi nær til allra starfsmanna Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra sem fá laun skv. kjarasamningi KÍ og ríkisins frá 18. mars 2005.

## **3. Markmið**

Meginmarkmið samningsins er að hann taki mið af sérstöðu stofnunarinnar sem m.a. felst í fjölbreyttu námsframboði og breiðum nemendahópi.

- Að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til að vinna að markmiðum stofnunarinnar og miðist við að halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna.
- Að auka gæði þjónustunnar með því að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað.
- Að launakerfið gefi starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi.
- Að launakerfið stuðli að árangurstengingu launa í samræmi við markmið og stefnu stofnunarinnar.

## 4. Röðun starfa í launaflokka

Við röðun í launaflokka er tekið mið af menntun, kennsluréttindum og starfsreynslu.

### 4.1 Röðun kennara í launaflokka

#### 4.1.1 Áhrif menntunar á röðun í launaflokka

Kennari sem ekki uppfyllir kröfur um lágmarksmenntun um kennslu á framhaldsskólastigi er raðað í launaflokk 1

Kennari með BA/BS próf / iðnmeistara er raðað í launaflokk 3

Uppeldis- og kennslufræði	1 flokkur + 1 þrep
BA/BS próf 240 ECTS einingar	1 þrep
MA/MS/M.ped. próf (90 ECTS einingar)	1 þrep <sup>1</sup>
MA/MS próf 120 ECTS einingar	1 flokkur <sup>2</sup>
Doktorspróf	2 flokkar
Viðbótar BA / BS próf sem tengist kennslugrein	1 flokkur
Viðbótar MA / MS próf sem tengist kennslugrein	1 flokkur

#### 4.1.2 Áhrif starfsreynslu á röðun í launaflokka

Eftir 1 ár í starfi	1 þrep
Eftir 2 ár í starfi	1 flokkur
Eftir 6 ár í starfi	1 flokkur
Eftir 9 ár í starfi	1 flokkur (fyrir sölu á kennsluafslætti)
Eftir 12 ár í starfi	1 flokkur (fyrir sölu á kennsluafslætti)
Eftir 15 ár í starfi	1 þrep

---

<sup>1</sup> Til viðmiðunar er að greitt er þrep fyrir 60 ECTS einingar.

<sup>2</sup> MA-gráða er metin til 1 flokks hið mesta. Hafi hún verið tekin í tveimur hlutum og viðkomandi hlotið diplómagráðu (60 ein.), getur viðkomandi sótt um launahækkun sem svarar 1 þrepi. Ljúki hann seinni hluta námsins færast hann upp í flokk úr þrepi.

## 4.2 Röðun stjórnenda í launaflokka

### 4.2.1 Námsráðgjafi

#### Áhrif menntunar á röðun í launaflokka

Námsráðgjafa án fagmenntunar er raðað í launaflokk 6

Diplómamenntun í námsráðgjöf	1 þrep
MA próf (í námsráðgjöf)	1 flokkur <sup>3</sup>

#### Áhrif starfsreynslu á röðun í launaflokka

Eftir 1 ár í starfi	1 þrep
Eftir 2 ár í starfi	1 flokkur
Eftir 6 ár í starfi	1 flokkur
Eftir 9 ár í starfi	1 flokkur (fyrir sölu á kennsluafslætti)
Eftir 12 ár í starfi	1 flokkur (fyrir sölu á kennsluafslætti)
Eftir 15 ár í starfi	1 þrep

### 4.2.2 Áfangastjóri

Áfangastjóra er raðað í launaflokk 9

#### Áhrif starfsreynslu á röðun í launaflokka

Eftir 1 ár	1 þrep
Eftir 2 ár í starfi	1 flokkur
Eftir 9 ár í starfi	1 flokkur

### 4.2.3 Aðstoðarskólameistari

Aðstoðarskólameistara er raðað í launaflokk 11

#### Áhrif starfsreynslu á röðun í launaflokka

Eftir 1 ár	1 þrep
Eftir 2 ár í starfi	1 flokkur
Eftir 9 ár í starfi	1 flokkur

### 4.2.4 Viðbótarröðun áfangastjóra og aðstoðarskólameistara

#### 4.2.4.1 Viðbótarröðun vegna starfshlutfalls

Starfshlutfall upp á 50%-79% gefur 1 launaflokk til viðbótar við grunnröðun.

Starfshlutfall upp á 80%-100% gefur 2 launaflokka til viðbótar við grunnröðun.

---

<sup>3</sup> MA-gráða er metin til 1 flokks hið mesta. Hafi hún verið tekin í tveimur hlutum og viðkomandi hlotið diplómagráðu (60 ein.), getur viðkomandi sótt um launahækkun sem svarar 1 þrepi. Ljúki hann seinni hluta námsins færist hann upp í flokk úr þrepi.

#### **4.2.4.2 Viðbótaröðun vegna menntunar**

Diplómanám (60 ECTS) 1 þrep

MA / MS (120 ECTS) 1 þrep

#### **4.2.4.3 Viðbótaröðun vegna tímabundins álags í starfi (viðbótarverkefni)**

Heimilt er að hækka laun stjórnenda um 1 þrep vegna viðbótarverkefna eða tímabundins álags í starfi.

## **5. Álag vegna persónu- og tímabundinna þátta kennara**

Kennari á rétt á að sækja um eftirfarandi persónu- og tímabundna þætti. Launauppbót getur ýmist verið: varanleg launahækkun, tímabundin launahækkun eða eingreiðsla.

Samstarfsnefnd fjallar um allar umsóknir og metur þær hverju sinni samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum frá umsækjendum.

### **5.1 Sérverkefni**

#### **5.1.1 Deildarstjórar**

Við FNV eru starfandi deildarstjórar A og deildarstjórar B. Um starfslýsingar vísast í skólanámsskrá.

Kennari í starfi deildarstjóra A fær fyrir það einn launaflokk.

Kennari í starfi deildarstjóra B fær fyrir það eitt þrep.

#### **5.1.2 Önnur verkefnisstjórn** 1 þrep

Þessi verkefnisstjórn er samfelld yfir starfsár skólans og ráðið er til hennar að lágmarki tvö ár í senn.

#### **5.1.3 Dreifnám** 1 þrep

Kennari með hóp í dreifnámi fær greitt 1 þrep fyrir hvern dreifnámsþóp sem hann kennir, þá önn sem kennslan fer fram.

### 5.1.4 Tímabundin verkefni

starfshlutfall eða tímafjöldi:

Umsjón með félagsmálum	2 klst. pr. viku
Umsjón með heimasíðu skólans	2 klst. pr. viku
Störf við sjálfsmat skólans	2 klst. pr. viku
Stofuumsjón	1-1,5 pr. stofu pr. viku
Verkefnisstjóri dreifnáms	2 klst. pr. viku
Þátttaka í stöðlunarstarfi	eftir samkomulagi hverju sinni
Störf í nefndum á vegum skólans	eftir samkomulagi hverju sinni
Forvarnarstörf	eftir samkomulagi hverju sinni
Umsjón með fjarnámi	eftir samkomulagi hverju sinni
Umsjón með nemendum	eftir samkomulagi hverju sinni

## 5.2 Viðbótarmenntun umfram tilskilda menntun

Heildstætt og formlegt háskólanám að lágmarki 60 ECTS einingar eða sambærilegt nám sem tengist faggrein, kennslufræðum, stjórnun eða öðru sem nýtist í starfi.

*Umsókn skal skila ásamt staðfestingu frá viðkomandi skólastofnun.*

*Varanleg launahækkun: 1 þrep.<sup>4</sup>*

## 5.3 Endurmenntun

Námskeið sem nýtast í starfi (umfram það sem kveðið er á í aðalkjarasamningi. Sjá gr. 2.1.6.5). 24 kennslustunda námskeið gefur 1 stig.

*Umsókn skal skila ásamt staðfestingu á þátttöku og kennslustundafjölda.*

*20 námskeiðsstig gefa 1 þrep.*

## 5.4 Frumkvæði og/eða forusta í skipulags-, uppbyggingar- þróunar- og nýbreytnistörfum

Meðal verkefna, sem til mats koma, má nefna:

- Samstarfsverkefni við aðra skóla, hérlendis og erlendis.
- Kynningarstarf og gerð kynningarefnis um Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.
- Umsjón með gestakennurum.

---

<sup>4</sup> Bæti viðkomandi síðar við þetta nám og eigi rétt á flokki fellur þrepið niður.

Kennarar skulu hafa samráð við skólameistara við val á ofantöldum verkefnum áður en vinna við þau hefst.

*Umsókn skal skila með greinargóðri skýrslu um verkefnið. Einnig getur matið farið fram með starfsmannaviðtali.*

*Launahækkun er tímabundin / eingreiðsla.*

### **5.5 Námsgagnagerð**

Gerð heildstæðs frumsamins námsefnis, t.d kennslubókar eða kennsluefnis.

*Umsókn skal skila með greinargóðri skýrslu um verkefnið. Einnig getur matið farið fram með starfsmannaviðtali.*

*Launahækkun er tímabundin / eingreiðsla.*

### **5.6 Þátttaka í starfi FNV utan kennslu**

Kennari leggur sig fram um að sýna samvinnu og jákvæðni í samskiptum við samstarfsfólk sitt, nemendur og foreldra og tekur þátt í viðburðum utan kennslu.

*Umsókn skal skila með greinargóðri skýrslu um verkefnið. Einnig getur matið farið fram með starfsmannaviðtali.*

*Launahækkun er tímabundin / eingreiðsla.*

### **5.7 Viðbótarábyrgð /-álag**

Kennari sem tekur á sig viðbótarábyrgð og / eða álag vegna sérstakra verkefna.

Kennari sem er með að meðaltali fleiri en 25 nemendur í hópum sínum.

*Umsókn skal skila með greinargóðri skýrslu um verkefnið. Einnig getur matið farið fram með starfsmannaviðtali.*

*Launahækkun er tímabundin / eingreiðsla.*

### **5.8 Útgefið efni**

Skrifaðar greinar eða bækur, tengdar fræðigrein eða kennslufræði.

*Umsókn skal skila með greinargóðri skýrslu um verkefnið. Einnig getur matið farið fram með starfsmannaviðtali.*

*Launahækkun er tímabundin / eingreiðsla.*



## 6. Hlutverk samstarfsnefndar

Hlutverk samstarfsnefnda er að semja um röðun starfa og hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða röðun þeirra annars vegar og hins vegar hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða mati á persónu- og tímabundnum þáttum.

Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi sbr. gr. 11.3.

Þar skal og samið um röðun starfa skv. 25. gr. Laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Nefndin skal einnig fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings.

## 7. Meðferð ágreiningsmála

Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings til nefndarinnar. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á launasetningu eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

## 8. Gildistími og endurskoðun

Stofnanasamningurinn gildir frá 30.10.2012.

## 9. Undirritun

Sauðárkróki 30. október 2012

f.h. Fjölbrautaskóla Nl. vestra

f.h. félaga í KÍ við FNV

---

---

---

---

---

---

## **10. Bókanir**

### **Bókun 1**

Samstarfsnefnd vinnur áfram að gerð matskerfis fyrir framgangskerfi.

### **Bókun 2**

KÍ vinnur að gerð samninga um launagreiðslur fyrir fjarkennslu og stundakennslu.

### **Bókun 3**

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra setur sér það markmið að hópastærð í áföngum fari ekki yfir 30 nemendur.

### **Bókun 4**

Hlutfall starfa aðstoðarstjórnenda sem jafnframt starfi sínu gegna störfum kennara að hluta til fá laun fyrir kennslu í launaflokki aðstoðarstjórnenda en hlutfall stjórnunarstarfa er miðað við óskerta kennsluskyldu 24 klst. pr. viku.

### **Bókun 5**

Samstarfsnefndin frestar ákvörðun um laun stundakennara og sölu á kennsluskylduafslætti.

### **Bókun 6**

Samstarfsnefnd hefur ákveðið að allir kennarar fái launahækkun sem nemur 2,5% með þrepahækkun þar sem því verður við komið, ellegar launaflokkshækkun þrepi lægra frá 1. maí 2007.

### **Bókun 7**

Samstarfsnefnd samþykkir að gera eftirfarandi launabreytingar vegna starfa við skipulagsstörf vegna nýrra laga um framhaldsskóla.

I. Kennari í fullu starfi sem starfað hefur við FNV í 4 ár eða lengur þann 1.ágúst 2008 fær 1 launaflokk.

II. Kennari sem starfað hefur skemur en 4 ár við FNV eða er í hlutastarfi þann 1.ágúst 2008 fær 1 þrep.

Launabreytingar þessar eru afturvirkar frá 1.ágúst 2008.

### **Bókun 8**

Samstarfsnefnd samþykkir að fagstjórn verði greidd sem 3 klst. á mánuði skólaárið 2009-2010 og skal [sá samningur] endurskoðaður í lok skólaárs.

### **Bókun 9 (22.3.2012)**

Ákveðið var að bíða með að bæta inn launahækkun fyrir viðbótar BA/BS gráðu annars vegar og MA/MS gráðu hins vegar þar til í haust, en hún skal nema 1 launaflokki fyrir hvora gráðuna.

### **Bókun 10 (28.3.2012)**

Samstarfsnefnd samþykkir að fram að næstu áramótum (2012/2013) fái kennari 5 klst. greiddar fyrir hvern grunnskólakennara sem hann þjónustar yfir hverja önn. Um er að ræða þjónustu við grunnskólakennara sem leiðbeina grunnskólanemendum í einingabæru námi við FNV. Á næstu önn (haustönn 2012) skal fara fram tímamæling á umfangi þessarar vinnu og greiðsla skal endurmetin í ljósi niðurstöðu þeirrar mælingar.

### **Bókun 11 (8.6.2012)**

Kjör verkefnisstjóra dreifnáms verða endurskoðuð í lok haustannar 2012.